



Til sveitarfélaga á Íslandi

Reykjavík, 17. janúar 2019

Efni: Þing um málefni barna í nóvember 21.-22. nóvember 2019

Á þessu ári verður haldið upp á þrjátíu ára afmæli Barnasáttmálans – samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Þessum merka áfanga verður fagnað með ýmsu móti á árinu en hápunkturinn verður án efa þing um málefni barna sem haldið verður í fyrsta skipti í nóvember á þessu ári. Á síðustu starfsdögum Alþingis fyrir jól voru samþykktar breytingar á lögum um embætti umboðsmanns barna þar sem barnaþingið er lögfest, en þar segir:

Umboðsmaður barna boðar til þings um málefni barna annað hvert ár og skulu niðurstöður og ályktanir þingsins kynntar ríkisstjórn.

Á þinginu skal fjalla um málefni barna og við upphaf þess leggur umboðsmaður fram skýrslu um stöðu þeirra. Í skýrslunni skal m.a. fjallað um stöðu og þróun í málefnum barna á helstu sviðum samfélagsins, þar á meðal um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Önnur verkefni þingsins ákveður umboðsmaður barna.

Þingið er öllum opið en umboðsmaður barna skal bjóða fjölbreyttum hópi barna til þingsins, alþingismönnum, fulltrúum stofnana ríkis og sveitarfélaga, auk fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og frjálsra félagasamtaka sem koma að málefnum barna.

Seta á þinginu er ólaunuð.

Ákveðið hefur verið að halda fyrsta þing um málefni barna, eða barnaþing, 21.- 22. nóvember n.k. í Hörpu en skipulag þingsins er að öðru leyti enn í mótun. Embættið hefur óskað eftir tilnefningum frá fjölmörgum aðilum um fulltrúa í samráðshóp til að tryggja aðkomu sem flestra að skipulagningu þingsins, m.a. frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Gera má ráð fyrir um 400-500 þátttakendum á þinginu þar af hópi barna sem einnig kemur að skipulagningu þingsins.

Ekki hefur verið ákveðið hvernig fulltrúar barna verði valdir en vonir standa til að fá til þátttöku hóp barna af öllu landinu með fjölbreytta reynslu og bakgrunn. Til að svo megi verða óskar embætti umboðsmanns barna eftir samstarfi við sveitarfélögin um stuðning við þau börn sem verða valin til þátttöku á þinginu. Þá er jafnframt óskað eftir **að tilnefndur verði tengiliður hvers sveitarfélags við embættið sem hefur það hlutverk að hafa milligöngu um þátttöku**

barna úr sveitarfélaginu á þinginu. Óskað er eftir svari frá sveitarfélaginu fyrir lok janúarmánuðar með upplýsingum um nafn tengiliðar sveitarfélagsins.

Embætti umboðsmanns barna leggur áherslu á samstarf við alla þá sem vinna að málefnum barna um land allt. Í því skyni skiptir samstarf við sveitarfélögin miklu máli og vonast ég til að barnaþingið verði til þess að styrkja verulega tengsl embættisins við sveitarfélög landsins.

Virðingarfyllt,



Salvör Nordal
umboðsmaður barna